

 Fjölbrautaskóli Suðurlands	UMHV1SU05 ERGÓ B Námsáætlun vorönn 2026
---	---

Kennarar:

Hópur 1: Ingunn Helgadóttir (IH) ingunn@fsu.is og Tómas Davíð Ibsen Tómasson (TDT) tomas@fsu.is

Hópur 2: Þórunn Sif Ólafsdóttir (ÞSÓ) thorunn.sif@fsu.is og Erna Jóhannesdóttir (ERJ) ernaj@fsu.is

Hópur 3: Guðmundur Björgvin Gylfason (GBG) gbg@fsu.is og Sigríður Sigurðardóttir (SGS) sigridurs@fsu.is

Hópur 4: Sölvi Snær Jökulsson (SSJ) solvis@fsu.is og Katrín Rut Sigurgeirsdóttir katrin.rut@fsu.is

Hópur 5: Guðmundur Garðar Sigfússon (GGS) gudmundurg@fsu.is og Erla Brimdís Birgisdóttir erla@fsu.is

Hópur 6: Ragnheiður Eiríksdóttir (RE) ragnheidure@fsu.is og Karl Sigtryggsson (KAS) karl.sigtryggsson@fsu.is

Áfangalýsing

Orðið ergó er latína og þýðir *þess vegna* eða *þar af leiðir* en áfanginn hefur það megin markmið að þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun. Það er mikilvægt að leggja sig fram um að mynda sér skoðun og að samhengi sé í hugsuninni, að eitt leiði af öðru með rökum í stað þess að skoðanir séu gripnar úr lausu lofti.

Sjálfbærni er einn af grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá og má segja að undir hann falli hinir grunnþættirnir: lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun, og læsi. Í áfanganum verður fjallað um skilgreininguna á sjálfbærni, hverjar eru stoðir hennar og hvernig hún tengist einstaklingnum í gegnum umhverfi, samfélag og efnahag, með áherslu á umhverfi. Hugtakið verður nálgast út frá umhverfisvernd, mannréttindum, heilbrigði og velferð en í tengslum við samfélag og efnahag út frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Áfanginn er verkefnamiðaður þar sem nemendur leita lausna við helstu áskorunum tengdum sjálfbærri þróun í sínu nærsamfélagi.

Markmið áfangans:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
- Tengslum milli umhverfis, hegðunar neytenda og mannréttinda.
- Gróðurhúsaáhrifum, orsökum þeirra, afleiðingum, hvar ábyrgðin liggur og mögulegum lausnum.
- Hugtökunum *sjálfbærni*, *sjálfbær þróun*, *burðargeta*, *vistspor* og hvernig þessi hugtök tengjast nýtingu náttúruauðlinda og fjölgun mannkyns.

- Fjölbreyttum leiðum einstaklingsins til vistvænna lifnaðarhátta.
- Stöðu umhverfismála í sínu nærumhverfi.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Geta útskýrt hugtakið sjálfbærni.
- Sýna fram á hvernig mannréttindi, hagkerfi og umhverfisvernd tengist sjálfbærni.
- Meta áhrif hversdagslegra athafna á umhverfið, m.a. með því að nýta sér hugtakið *vistspor*.

Hæfniviðmið: Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vera meðvitaður og gagnrýnninn neytandi.
- Átta sig á áhrifum sínum sem neytanda á umhverfi og samfélög.
- Taka þátt í eða kynna sér nýsköpun sem leiðir til sjálfbærni.
- Minnka magn sorps með því að endurnýta og endurvinna það sem hægt er á skapandi hátt.
- Túlka á gagnrýnin hátt upplýsingar sem tengjast umhverfismálum.
- Vera virkur þátttakandi í umræðu um umhverfismál.
- Stuðla að grænum lifnaðarháttum hjá sér og sínu nærumhverfi.

Námsefni: Engin kennslubók er í áfanganum en kennarar munu deila rafrænu efni með nemendum yfir önnina. **Nemendur þurfa að mæta með fartölvur í tíma.** Eigi þeir ekki fartölvu geta þeir fengið hana lánaða á bókasafni skólans.

Sérreglur áfangans:

- Til að standast áfangann verða nemendur að ná 4,5 að meðaltali fyrir verkefnin. Áfanginn er símatsáfangi sem þýðir að ekki er lokapróf en einkunn er gefin út frá verkefnum.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um verkefnaskil. **Ef hann missir af hópaverkefni verður hann að skila því sem einstaklingsverkefni** í samráði við kennara.
- Skil á verkefnum og virkni í tímum er forsenda þess að standast áfangann. Því er mikilvægt að nemendur mæti vel í tímana, séu virkir þar og virði skilafrest verkefna. Ef nemandi skilar of seint dregst **0,5** af einkunn fyrir hvern dag umfram skilafrest ef ekki hefur verið samið um annað við kennara.
- Fyrir miðannarmat er skrap og **skil á fyrri hluta hugleiðingadagbókar og ekki hægt að skila þeim verkefnum seinna á önninni.**
- Allir nemendur eru skráðir í Innu og þar munu verkefni og mikilvægar upplýsingar birtast og því þurfa nemendur að hafa reglulegan aðgang að tölvu. Flestum verkefnum þarf að skila á Innu.
- Símanotkun tengd náminu er leyfileg í samráði við kennara. **Ef nemandi er í símanum án samráðs við kennara má kennari gefa viðkomandi F fyrir kennslustundina.**
- **Fjarvera úr kennslustund lengur en 15 mínútur jafngildir fjarvist nema um annað sé samið.**
- Verkefni unnin af öðrum gefa einkunnina 0 og gætu valin verkefni verið skoðuð með Turnitin.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar:

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans. <https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Skil á verkefnum og virkni í tímum er forsenda þess að standast áfangann.

Áfanginn er símatsáfangi og því gilda ÖLL verkefni til lokaeinkunnar.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Skilaverkefni	Í flestum lotum eru skilaverkefni sem metin eru til einkunnar (6-7 verkefni yfir önnina). Þau eru ýmist hóp-, para-, eða einstaklingsverkefni og eru að mestu unnin í kennslustundum en það má einnig gera ráð fyrir heimavinnu einstaka sinnum. Nánari útlistun á heiti verkefna og vægi á Innu síðar.	60%
Hugleiðingabók	Hugleiðingabókin er unnin jafnt og þétt yfir önnina, skil fyrri hluta við miðannarmat og lokaskil við lok annar. Nánari útlistun á inntaki hugleiðingabókar kemur fram í verkefnislýsingu/umræðum í Innu.	20%
Þátttaka og virkni	Þátttaka og virkni í áfanganum er með ýmsum hætti, s.s. tímaverkefni, þátttaka í umræðum, virkni í tímum, einstaklings, para- og hópverkefnum. Námsmatið er í flestum tilfellum Lokið/Ólokið (0 eða 10)	20%
Samtals		100%



Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Vinnuáætlun - Ergó B - vorönn 2026

Dagsetningar:	Viðfangsefni:	Annað	
8. – 9. janúar	Lota 1 Námsáætlun áfangans kynnt. 	Geimskipið	SSJ og KSG
12.- 16. janúar			
19. - 23. jan.			
26. - 30. jan.	Lota 2 Hreint vatn og hreinlætisaðstaða 	Heimsókn: Bjargráður	ÞSÓ og ERJ
2. - 6. Feb			
9. - 13. feb	Lota 3 Sjálfbær orka  <i>Skráp og verkefnaskil fyrir miðannarmat.</i> .	Heimsókn: Ástráður Skila á fyrri hluta hugleiðingabókar	KAS og RE
15. – 20. feb			
23. – 27. Feb Vorfrí			
2. - 6. mars	Lota 4 Heilsa og vellíðan (sjálfsstyrking, mannkostamenntun))		GG og EBB
9. -13. mars			

16. – 20 mars. Kátir dagar og flóafár	Lota 5 Nýsköpun og uppbygging 		IH og TDT
23. – 27. mars			
5. – 10. apríl Páskafrí			
13. – 17. apríl	Lota 6 Aðgerðir í loftslagsmálum 		GBG og SGS
20. – 24. apríl Sumardagurinn fyrsti			
27. – 30. apríl	Lokaverkefni. -Skráp	Mögulega vettvangsferð Lokaverkefni Lokahönd lögð á hugleiðingabókina sem gildir 20% af lokaekinnun	SSJ og KSG
4. – 8. maí Dimmisjón			
11. – 13. maí Lok annar			

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Með von um góða og skapandi samvinnu,
6. janúar 2026
Ergókennarar.